ý.m a/."í£íí:n Í v,i)unt?m n

l

8a5$ffimftfflP&&::

Súlnasalur Hótel Sögu:

Þjóðarspaug í 30 ár

Ómar Ragnarsson verður aöal-
stjarnan á skemmtidagskrá sem
Hótel Saga ætlar að bjóða lands-
mönnum upp á um helgar á næst-
unni. Nefnist dagskráin Þjóðar-
spaug í 30. ár og mun fara fram
hárnákvæm söguskýring Ómars og
hans manna á athurðum hðandi
stundar.

Þrjátíu ár er sá tími og rúmlega
það sem Ómar hefur verið í sviðs-
Ijósinu og vinsældir hans hafa ver-
ið miklar allan þann tíma. Hann
hefur ávallt verið í sviðsljósinu öll
árin, hvort sem hann hefur verið í
hlutverki grínarans eða sjónvarps-
mannsins. Það má eiginlega segja
að Þjóðarspaugið sé úttekt á mönn-
um og tíðaranda þessara ára. Ómar
er og verður æringi, tekur hin
þekktu bakföll sín og þeysir með
áhorfendur aftur í tímann og fram
og er honum ekkert heilagt, engum
hlift, höfðingjar reynast hrek-
kjalómar og kennimenn kroppar.

Ómar nýtur aðstoðar úrvalsfólks.
Hemmi Gunn verður ábyggilega
með eitthvað í pokahorninu. Þá
mun Helga Möller einnig aðstoða
og Haukur Heiðar sem hefur verið
undirleíkari hjá Ómari í mörg ár.
Leynigestur verður í hvert skipti
sem skemmtunin fer fram og
hljómsveitin Einsdæmi heldur
uppi dúndrandi fjöri langt fram á
nótt.

Eitt af málefnum líðandi stundar sem Omar Ragnarsson gerir grín af í Þjóðarspaugi sínu er björinn. Hér er hann ásamt Ragnari Bjamasyni að syngja bjórnum til dýrðar.

Skemmtunin er með mat og er
val á réttum. Miðaverðið er 3600
fyrir manninn. Sértilboð frá Hótel
Sögu er aðgöngumiði með mat og

gisting í eina nótt í tveggja manna
herbergi með morgunmat fyrir kr.
5150 kr. Gildir það tilboð jafht fyrir
borgarbúa sem og utanbæjarmenn.

Srjórnandi skemmtunarinnar er
Björn Björnsson. Árni Scheving sá
um útsetningar á .tónlist.
-HK

Kjarvalsstaðir:

Tvær sýningar íslenskra nútímalistamanna

Teikningar 1972-1988 er yfirskrift
sýningar á verkum eftir Kristján
Guðmundsson og er þetta önnur
tveggja sýninga á Kjarvalsstöðum.
Kristján var á sínum tíma einn
helsti fulltrúi SÚM-hópsins og einna
fyrstur til að tileinka sér myndmál
og aðferðir konseptlistarinnar í byrj-
un áttunda áratugarins. Á síðustu
árum hefur Kristján opnað fyrir þátt-

töku áhorfandans í verkum sínum,
líkt og fleiri konseptlistamenn átt-
unda áratugarins, og boðið honum
að njóta fagurfræðilegra unaðs-
semda myndverksins.
Sýning Kristjáns að Kjarvalsstöð-
um er opin daglega frá kl. 11 til 18
og stendur til 12. febrúar.

Myndlist Halldórs Ásgeirssonar,

en hann sýnir í austursal og á gangi
Kjarvalsstaða, byggist á sjónrænu
hugarflæði sem hann skráir ósjálf-
rátt niöur. Efniviðurinn er tekinn úr
umhverfi og lífsreynslu listamanns-
ins hverju sinni og eru ferðalög með:
al annars ríkur þáttur í hinni sjón-
rænu upplifun, hvort sem áuga og
penni ferðast um óbyggðir íslands
eða sigla upp ána Níl.

Halldór Asgeirsson er fæddur 1956
og nam myndlist við Parísarháskóla
nr. 8 á árunum 1977-80 og 1983-'86.
Þetta er sjötta einkasýmng Halldórs
á íslandi en hann hefur sýnt og starf-
að að myndlist undanfarin ár bæði
heima og erlendis.

Myndverk eftir Kristján Guðmundsson. Myndverk eftir Halldór Asgeirsson.

Veitingahús
vikunnar:

Uppinn
- sjá bls. 18

Norræn

fegurð
- sjá bls. 19

Hvar verður

Sniglabandið
um helgina?
- sjá bls. 19

Vorið

kallar

- sjá bls. 22

Tvær sýn-
ingar Ný-
listasafni

- sjá bls. 29

Njósnari af
lífi og sál
- sjá bls. 21

Hvaðeríbíó

umhelgina?
- sjá bls. 30

Hættuleg
kynni
- sjá bls. 32

ísland-

Noregur og
meiraum

íþróttir
- sjá bls. 31